

Fundur í Fagráði loftræsikerfa nr. 2 tímabilið 2012-2013

Fundarefni:	Fyrri hluti 10. kafla nýrrar Byggingarreglugerðar		
Fundardagur:	02.10.2012	Fundartími:	12.00 – 13.00
Fundarstaður:	Blikksmiðurinn, Malarhöfða 8	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinnsson (SP) og Kjartan Mar Eiríksson, (KME) og Karl Hákon Karlsson (KHK)		
Dreifing:	Fundarmenn, Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG), Guðmundur Jónatansson og Kristján Ottóson - LAFÍ		

Ákveðið hafði verið fyrir fundinn að fjalla um kafla 10.1, 10.2 og 10.3 í Byggingarreglugerðinni.

Ýmsar minni athugasemdir voru gerðar við kaflann s.s. eins og:

- Athugasemdir við lengd fyrstu setningarinnar kaflans og endurtekningar á ýmsum hlutum eins og markmiðum (Greinar 10.1.1 og 10.2.1) og setningin um opnun upp úr þökum lyftuganga sem er tekin fyrir þrisvar sinnum.

Fagráðið telur að stærstu veikleikar þessara kafla séu hins vegar uppsetning og innihald greina 10.2.5 til 10.2.8 sem fjalla um loftræslu íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

- Sameina ætti greinar 10.2.5 og 10.2.6 í eina grein um íbúðarhúsnæði.
- Sameina ætti greinar 10.2.7 og 10.2.8 í eina grein um atvinnuhúsnæði.
- Vakin er sérstök athygli á kröfu í grein 10.2.5, lið a, um 7 l/s ferskloftskröfu fyrir svefnherbergi í notkun. Þetta er krafa sem ekki er hægt að tryggja nema með loftræsikerfi (hvort sem það er vélrænt eða hybrid). Vert er að minnast á að svona kröfu er ekki að finna í dönsku byggingarreglugerðinni sem mikið er stuðst við.
- Endurskoða mætti nokkur önnur loftmagnsgildi í greinum 10.2.5 og 10.2.6 m.t.t. dönsku reglugerðarinnar.
- Loftmagnsgildin sum hver sem sett eru fram í greinum 10.2.7 og 10.2.8 eru á margan hátt villandi. Þarna er búið að einfalda hluti sem gefur ekki endilega rétta mynd. Gildin eru mikið til komin úr dönsku reglugerðinni og síðan eru gildin fyrir einstakar byggingar unnar upp úr CR 1752 mikið til. Það var hins vegar tregða á sínum tíma að vísa beint í CR 1752, þar sem það er ekki eiginlegur staðall, og því var ákveðið að setja gildi beint inn í reglugerðina. Það mætti hins vegar athuga með að vísa beint í staðal DS 447 sem tekur þessi gildi samanber CR 1752. Það er vitnað í danska brunastaðalinn DS 428 annars staðar í reglugerðinni og því er fordæmi fyrir því að vísa í danska staðla. Þar er m.a. farið í þriggja þrepa flokkunina (A,B og C) sem liggja til grundvallar loftmagnsákvörðunargildunum.
- Huga þarf betur að því hvort setja eigi fram þá kröfu um að það eigi að lágmarki að vera 4 metrar frá jörðu upp í neðri brún loftinntaks (hvað með náttúrulega loftræstar byggingar með gluggum). Hugsanlega mætti orða þetta meira í líkingu við það sem danska reglugerðin gerir í grein 6.3.1.1, stk 2.

Stefnt er að næsta fundi í lok mánaðarins. Boðað verður til hans síðar.